



Fréttabréf AkureyrarAkademíunnar

september 2023

Kæru viðtakendur!

Hér er greint frá helstu tíðindum í starfinu frá því að síðasta fréttabréf var sent út í júní sl. Góðar stundir!

Innanhúsfólk

Það er fjölbreyttur hópur sem hefur komið sér fyrir hjá AkAk til að vinna að spennandi verkefnum í vetur: fólk sem sinnir óstaðbundnum störfum, frumkvöðlar, háskólanemar og sjálfstætt starfandi fræðimenn. Öll vinnupláss eru í notkun og biðlisti eftir að komast að.

Opið hús

Við hjá AkAk vorum með opið hús í síðasta mánuði í tilefni af Akureyrarvöku. Bæjarbúar komu í heimsókn til að skoða húsnæðið, kynna sér starfsemina og þáðu léttar veitingar.

Fræðaping 2023

[ReykjavíkurAkademían](#) stóð fyrir fræðapingi um hug- og félagsvísindi, í samstarfi við ýmsa aðila, föstudaginn 22. september sl. Á þinginu fóru fram áhugaverðar umræður um hlutverk hug- og félagsvísinda, fræðasamfélagið utan háskólanna, opinbera fjármögnun áhugadriðfinna rannsókna og möguleika ungs fólks til að láta til sín taka við rannsóknir og þekkingarmiðlun. Fræðapingið er árlegur vettvangur um samstarf fræðafólks sem starfar utan og innan háskólana að rannsóknum og þekkingarmiðlun á sviði hug- og félagsvísinda. Markmiðið er að skapa sameiginlega sýn fræðafólks sem starfar að rannsóknum og þekkingarmiðlun, ræða tækifæri og ógnanir og leggja grunn að samvinnu um rannsóknir og þekkingarmiðlun þvert á starfsvettvang og ólíkar fræðigreinar. Fræðapingið var tekið upp og er upptakan aðgengileg [hér](#).

Fyrirlestraröð fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa

Þriðji fyrirlesturinn í fyrirlestraröð AkAk á þessu ári fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa fer fram föstudaginn 29. september nk., í salnum á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð, Vestursíðu 9, Akureyri, kl. 13:30. Þá mun Sigurgeir Guðjónsson, sagnfræðingur, og félagi í AkAk, fjalla um aðbúnað geðveiks fólks á Akureyri og í nágrennabyggðum á 19. öld. Næsti fyrirlestur verður í október. Menningar- og viðurkenningasjóður KEA styrkir fyrirlestraröðina á þessu ári. Frá árinu 2016 hefur AkAk boðið íbúum heimilanna upp á fyrirlestra sem eru líka opnir fyrir aðra bæjarbúa. Markmiðið er að bjóða upp á fræðandi fyrirlestra um fjölbreytt viðfangsefni með aðgengilegum og áhugaverðum hætti.

Bakarís-fyrirlestrar

Fyrir á þessu ári fór AkAk af stað með bakarís-fyrirlestra en þeir eru samstarfsverkefni okkar og Brauðgerðarhúss Akureyrar í verslunarmiðstöðinni í Sunnuhlíð. Markmiðið er að kynna verkefni sem fólk hefur unnið að hjá AkAk, bjóða upp á viðburði í Sunnuhlíð og gefa bæjarbúum tækifæri til að fræðast og spjalla um fjölbreytt viðfangsefni. Nú verður þráðurinn tekinn upp aftur og mun Steinunn A. Ólafsdóttir, lektor við heilbrigðisvísindasvið HÍ, og félagi í AkAk, verða með fyrirlestur þann 12. október í Brauðgerðarhúsinu, kl. 16:00. Steinunn ætlar að kynna doktorsrannsókn sína sem hún varði við HÍ árið 2021, en rannsóknin er um færni og aðstæður einstaklinga sem hafa fengið heilaslag og leiðir til að öðlast færni á ný.

Samtal háskóla, háskólasetra og þekkingar- og fræðasetra

AkureyrarAkademían og Háskólinn á Akureyri hafa sent háskólum, háskólasetrum og þekkingar- og fræðasetrum á Norðurlandi og Austurlandi (frá Hólmavík til Egilsstaða) boð um þátttöku í fundi til að ræða um aukin kynni og tengsl. Gert er ráð fyrir að fundurinn fari fram í húsakynnum Háskólans á Akureyri, 26. október nk., kl. 10:00-15:00. Boðið er upp á þann möguleika að hafa fundinn sambland af stað- og fjarfundi vegna þeirra sem eiga um langan veg að fara til Akureyrar en vilja taka þátt í fundinum á netinu. Mikil deigla er í þekkingarsamfélaginu á Norður- og Austurlandi og gagnlegt væri að virkja sem best þá krafta sem eru í okkar umhverfi.

AkureyrarAkademían, Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri, sími 833-9861, vefang <https://www.akak.is/is>
Ábyrgðarmaður Fréttabréfs Aðalheiður Steingrímsdóttir akak@akak.is